



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 15. maí 2012, kl. 20 :00.

Fundarstaður: Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Sorptunnur og moltugerðarílát.

Óska eftir tilboði frá Gámaþjónustu Vesturlands í sorptunnur og moltugerðarílát og bjóða íbúum Reykhólahrepps til kaups. Lagt til að þetta verði auglýst á netinu og með dreifibréfi ekki síðar en 26. maí 2012.

2. Opnunartími gámasvæðis.

Lagt til að fara eftir tillögu Jóns Kjartanssonar um opnunartíma gámasvæðis. Mánud. 13-15, miðvikudaga 15-17 og laugardaga 11-13. Endurskoða svo þegar reynsla er komin.

3. Gjaldtaka á fyrirtæki og stofnanir.

Samþykkt að láta fyrirtæki og stofnanir greiða fyrir losun á ákveðnum þáttum (sjá tillögu frá Gámaþjónustunni). Lögbýli teljast ekki vera fyrirtæki.

4. Gámar á gámsvæði.

Lagt til að taka tilboði um kaup á tveimur gámum. Verð pr gám er 250.000. Þarf að fá aukafjárútlát til þess að flytja gámana á staðinn.

5. Annað til athugunar.

Útbúa dreifibréf til að senda inn á heimilin fyrir 26. maí. Fara að senda inn kynningar á netið. Ákveða staðsetningu á gámum í Króksfjarðarnesi. Íbúar telja gáminn vera á röngum stað. Heyra í Gámaþjónstunni með fyrirkomulag á hvar gámarnir verða settir í dreifbýlinu og úthlutun lykla að flokkunarkari.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20:30
